



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## 137 fundur stjórnar SSV

### FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 18 apríl 2018 kl.09.00 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi

Mætt voru; Rakel Óskarsdóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Björn Hilmarsson, Hilmar Hallvarðsson, Árni Hjörleifsson, Stefán Ármannsson, Eyþór Garðarsson, Eggert Kjartansson, Ingveldur Guðmundsdóttir, Hulda Hrönn Sigurðardóttir. Guðveig Eyglóardóttir boðaði forföll og Valgarður Jónsson var fjarverandi. Einnig sátu fundinn Páll S Brynjarsson framkvæmdastjóri og Hrefna B Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Rakel Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 09.00

#### 1. Framlögð fundargerð frá 136 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 136 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundargerðin var staðfest.

#### 2. Almenningsamgöngur.

Lagt fram yfirlit yfir rekstur almenningsamgangna fyrst þrjá mánuði ársins 2018. Ljóst er að farþegum sem nýta sér almenningsamgöngur á Vesturlandi heldur áfram að fækka og tap upp á rúmar 10 m.kr. er á rekstrinum fyrstu þrjá mánuði ársins.

Auk þess rætt um framhald verkefnisins. Landshlutasamtökin hafa öll sagt upp samningum sínum við Vegagerðina um skipulag og umsjón með almenningsamgöngum á sínum starfssvæðum. Uppsagnarfrestur rann út 31. mars s.l. og samningarnir sjálfir renna út í árslok 2018.

Vinnuhópur landshlutasamtakanna um almenningsamgöngur hefur átt einn fund með samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga um verkefnið. Framkvæmdastjóri fór yfir þá þætti sem vinnuhópurinn leggur áherslu á í samningaviðræðum við ríkið ef áhugi reynist fyrir frekari samvinnu. Að lokum sagði Páll frá því að í bígerð væri að halda ráðstefnu um almenningsamgöngur á landsbyggðinni.

#### 3. Áfangastaðaáætlun Vesturlands DMP.

Lagt fram minnisblað um stöðuna á vinnu við verkefnið Áfangastaðaáætlun Vesturlands / DMP. Samkvæmt samningi átti verkefninu að ljúka 1 október 2018, en skiladagur var færður fram til 1. maí að kröfu Ferðamálastofu. Þetta hefur haft í för með sér að hætta varð við fyrirhugað kynningarferli með sveitarfélögunum nú í apríl.

#### **4. Sóknaráætlun Vesturlands**

Á síðasta stjórnarfundu voru samþykkt fimm áhersluverkefni og þau í framhaldinu send til stýrihóps stjórnarráðsins. Þáll fór yfir viðbrögð stýrihóps stjórnarráðsins við verkefnum. Einnig rætt um verkefnið „Samstarf safna og markaðssetning“ sem var í gangi á árinu 2017 og mögulega úttekt á samstarfsmöguleikum safna. Stjórn fól framkvæmdastjóra að setja af stað úttekt á samstarfi safna á Vesturlandi. Þá var upplýst að verið er að undirbúa málþing um safnastarf sem áætlað er að fari fram í maí n.k.

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning fyrir Ungmennanþing sem fer fram í haust, en Ungmennaráð Akraneskaupstaðar mun leiða undirbúning.

#### **5. Ályktanir frá aðalfundi SSV**

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu með ályktanir sem samþykktar voru á aðalfundi SSV sem fram fór á Hótel Hamri 19. mars s.l.

##### **a. Framlag ríkis til Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands**

Framkvæmdastjóri sendi ályktun stjórnar SSV til ráðuneytis og þar með beiðni endurskoðun reiknilíkans og hækkun grunnframlags til Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi. Vesturland kemur illa út úr reiknilíkani og er vinna komin í hendur forsvarsaðila Símenntunar og hafa þingmenn verið upplýstir um málið.

##### **a. Grunnframlag til markaðsstofa landshlutasamtaka**

Framkvæmdastjóri sat fund markaðsstofanna landshlutasamtakanna með atvinnu- og nýsköpunarráðherra varðandi framlag til markaðsstofanna. Áhersla hefur verið lögð á að grunnframlag til markaðsstofanna muni hækka og samkvæmt nýjum samningsdrögum frá Ferðamálastofu mun það hækka úr 7,6 m.kr. í 10,2 m.kr sem er því miður mun lægra en vonir stóðu til.

#### **6. Ársreikningur SSV 2017**

Rætt um bréf KPMG til stjórnar SSV varðandi ársreikning 2017. Rætt um athugasemdir endurskoðenda. Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með KPMG og fara ítarlega yfir athugasemdir.

#### **7. Ný persónuverndarlög**

Rætt um stöðu sveitarfélaga á Vesturlandi varðandi innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum.

#### **8. Afmæli SSV 2019.**

Í desember 2019 verða liðin 50 ár frá stofnun SSV. Rætt um með hvaða hætti er vert að minnast tímamóta sem þessara.

#### **9. Framlögð mál**

a. Lagt fram yfirlit um fundi sem framkvæmdastjóri hefur sótt

b. Vorfundur atvinnuráðgjafa og Ársfundur Byggðastofnunar  
Fundirnir verða haldnir 25. og 26. apríl.

## **10. Stefnumótun SSV**

Umræða um um greinargerð sem Alta ehf. tók saman um stefnumótunarfund SSV sem fór fram síðla árs 2017.

Framkvæmdastjóri fór yfir samantekt Alta sem hélt utanum umræður fundarins. Rætt um hlutverk og leiðir til að kynna starfsemina og þjónustuna, aukið samstarf sveitarfélaga o.fl.

Samþykkt að fá ráðgjafa til að vinna að markaðs- og kynningarmálum með starfsfólki SSV.

Eypór Garðarsson vék af fundi kl 10:45.

Fundi slitið kl. 10:45.